



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2021

SÁLF3PS05
Þroskasálfræði
Námsáætlun

Kennari: Erla Brímdís Birgisdóttir

Netfang: erla@fsu.is

Viðfangsefni: Fjallað um þroskaferil barna og unglunga.

Lýsing:

Nemendur kynnast helstu þáttum þroskasálfræðinnar og þroskaferlum einstaklinga frá getnaði og fram á unglingsár. Fjallað er um líkamsþroska vitsmuna-, siðfræði- og tilfinningaþroska. Einnig er vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Fjallað er um mismunandi þroskakennningar. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglunga til dæmis geðræn-, tilfinningaleg-, líkamleg-, náms- og hegðunarvandamál.

Forkröfur: SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum

Markmið/þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þroska mannsins út frá sálfræðilegum kenningum
- þróun máltöku
- helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar
- framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins

Markmið/leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum
- afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku
- miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti

Markmið/hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera betur í stakk búinn til að takast á við uppeldi eigin barna
- tileinka sér frekara nám/starf á sviði uppeldismála
- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt
- taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræði

Námsefni: Þroskasálfræði – Lengi býr að fyrstu gerð eftir Aldísi Unni

Guðmundsdóttur. Annað efni sem kennari dreifir eða bendir á.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1 – 3	7. jan – 22. jan	Farið yfir kennsluáætlun og verkefni. Farið yfir efni tveggja fyrstu kaflanna. Nemendur vinna verkefni um einn af frumkvöðlum þroskasálfræðinnar.	Frumkvöðlaverkefni 1. próf er lagt fyrir.
4 – 6	25. jan – 12. feb	Farið í efni kafla 3 og 4. Líkamsþrosku og kynslóðabreytingar. Greind og vitsmunir.	Tímaverkefni 2. próf er lagt fyrir.
7 – 9	15. feb – 5. mars	Farið verður í efni 5. og 6. kafla. Nám og námsörðuleikar. Mál og máltaka.	Tímaverkefni Verkefni um námsörðuleika 3. Próf er lagt fyrir.
10	8. mars – 12. mars	Upprifjun og skrap.	
11 – 12	15. mars – 26. mars	Farið verður í efni 7. og 8. kafla. Félagsmótun og áhrif foreldra. Geðtengsl og tilfinningar.	Tímaverkefni 4. próf er lagt fyrir.
13	29. mars - 6. apríl	Páskafri	
14 - 16	7. apríl – 25. apríl	Farið verður í efni 9. kafla. Geðraskanir barna og unglunga.	Tímaverkefni Heimildaritgerð 5. próf er lagt fyrir.
17 -	26. apríl - 7. maí	Upprifjun, skrap og skil á heimildaritgerð.	

Prófdagar verða tilkynntir í tímum og á Innu svo og skiladagar verkefna. Þar verða einnig birt jafnóðum öll verkefni og glærur.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	5 kaflapróf tekin á önninni.	50%
Tímaverkefni	Word skjal með öllum tímaverkefnum annarinnar, skilað í lok annar.	15%
Verkefni	Verkefni tengt frumkvöðlum þroskasálfræði	10%
Verkefni	Verkefni um námsörðuleika	10%
Heimildaritgerð	Nemendur velja sér viðfangsefni tengdu kafla 9	10%
	Virkni, mæting, þátttaka.	5%
	Alls	100%

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll 5 aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni **4,5** sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá **0** fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. vikufyrirvara, bæði í tímum og í Innu.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

